



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára

Tillögur samstarfsnefndar um málefni aldraðra
til félags- og húsnæðismálaráðherra

September 2016

Velferðarráðuneytið: Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára
September 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-18-7

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
1 Almennatryggingakerfið einfaldað og réttindi aldraðra betur skilgreind	5
2 Heilsuefning og virkni aldraðra	5
3 Réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfræðis	6
4 Mikilvægi nýsköpunar og tækni í þjónustu við aldraða	6
5 Gæðaviðmið fyrir þjónustu við aldraða	7
6 Eftirlit með gæðum þjónustu við aldraða	8
7 Stöðugleiki og aukin hæfni starfsfólks í öldrunarþjónustu	8
8 Heilabilun	8
9 Upplýsingavefur um öldrun og aldraða	8
10 Réttindagæsla aldraðra	9
11 Óljóst ábyrgðarsvið þjónustuaðila – „grá svæði“ í þjónustu við aldraða og notendasamráð	9

Inngangur

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, nr. 26/2016, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna, nr. 71/2013, fer Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, með málefni aldraðra að frátöldum málefnum dvalar- og hjúkrunarheimila, dagdvalar aldraðra og Framkvæmdasjóðs aldraðra sem heyra undir heilbrigðisráðherra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, en samkvæmt ákvæðinu skipar félags- og húsnæðismálaráðherra fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Nefndin skal skv. 5. gr. laganna vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.

Samstarfsnefndin er skipuð Elínu Jóhannsdóttur formanni, Guðmundi Einarssyni, varaformanni, Rannveigu Einarsdóttur, fulltrúa Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Hauki Ingibergssyni, formanni Landssambands eldri borgara, og Önnu Birnu Jensdóttur, formanni Öldrunarráðs Íslands, sem tók sæti Péturs Magnússonar, fráfarandi formanns Öldrunarráðs, í maí 2016. Jafnframt störfuðu með nefndinni Klara Baldursdóttir Briem og Guðrún Björk Reykdal, sérfræðingar á skrifstofu félagsþjónustu í velferðarráðuneytinu. Þá mættu eftirtaldir aðilar á fundi nefndarinnar og miðluðu upplýsingum: Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri, Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri, Bryndís Þorvaldsdóttir sérfræðingur, Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, Ólafur Þór Gunnarsson öldrunarlæknir og Pálmi V. Jónsson öldrunarlæknir.

Samstarfsnefndin hittist 17 sinnum á tímabilinu 25. júní 2015 til 5. september 2016.

Hér á eftir fara tillögur samstarfsnefndarinnar um þau atriði sem nefndin leggur til að félags- og húsnæðismálaráðherra setji í forgang við mótun og framkvæmd stefnu í málefnum aldraðra á næstu árum. Megináherslan er á breytingar á almannatryggingakerfinu og rétt hins aldraða til sjálfstæðrar búsetu og sjálfræðis, hvort sem um er að ræða búsetu á eigin heimili eða á öldrunarheimili. Aldraðir fái tækifæri til að aðlaga sig breyttum aðstæðum og nýta sér úrræði/lausnir sem auka sjálfsbjargarmöguleika þeirra. Mikilvægt er að setja gæðaviðmið á öllum sviðum þjónustu við aldraða, ásamt því að auka upplýsingagjöf og eftirlit með gæðum þjónustunnar.

Í september 2015 skipaði heilbrigðisráðherra verkefnisstjórn til að greina núverandi stöðu heilbrigðishluta þjónustu við aldraða og setja fram tillögur að mótun nýrrar stefnu í þjónustu við aldraða. Verkefnisstjórn skilaði tillögum til heilbrigðisráðherra í mars síðastliðnum.

Samstarfsnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að stefna í þjónustu við aldraða endurspegli samfellu og gráum svæðum í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu verði fækkað. Hugað verði að samþættingu mismunandi þjónustubátta með það að markmiði að auka gæði þjónustunnar og þar með lífsgæði þeirra einstaklinga sem njóta hennar.

1. Almennatryggingakerfið einfaldað og réttindi aldraðra betur skilgreind

Nefnd skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skilað niðurstöðum sínum með *Skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almennatryggingar* sem gefin var út í febrúar 2016. Samstarfsnefndin telur afar mikilvægt að löggjöf, byggð á tillögum sem fram koma í skýrslunni verði lögfest sem fyrst enda um margvísleg og mikilvæg framfaraskref að ræða. Eftirfarandi atriði vega þar þyngst:

- ▶ Lífeyriskerfi almennatrygginga er einfaldað til muna með því að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbot í einn ellilífeyri.
- ▶ Bundinn er endir á að skerðingar geti verið 100% sem nefnt hefur verið króna á móti krónu. Þess í stað er lagt til að skerðingar verði aldrei meiri en 45% hvort sem um er að ræða lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur og að einstaklingurinn haldi alltaf eftir 55% af tekjum sínum.
- ▶ Valkostum aldraðra er fjölgað og sveigjanleiki aukinn. Annars vegar er lagt til að einstaklingar geti hafið lífeyristöku frá 65 ára aldri eða frestað lífeyristöku til 80 ára aldurs. Hins vegar að einstaklingur geti verið í hlutastarfi og tekið hlutalífeyri. Báðar þessar breytingar gefa fólki nýja möguleika til að skipuleggja líf sitt.
- ▶ Tillögurnar miða að því að samræma réttindakerfi almennra lífeyrissjóða og almennatrygginga en það er mikilvægt til að hver einstaklingur geti með einföldum hætti notið réttinda sinna í báðum kerfum.
- ▶ Lífeyrisaldur verði hækkaður í skrefum frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs á 24 árum en slík breyting er í takt við hærri lífaldur og betra heilsufar landsmanna. Einstakir hópar kunna þó á sértækum úrræðum að halda til dæmis vegna slits eða erfiðisvinnu.

Samstarfsnefndin skilaði jafnframt ályktun til ráðherra um ofangreint 29. apríl 2016.

2. Heilsuefning og virkni aldraðra

Ýmsir aðilar vinna að heilsuefningu aldraðra á Íslandi. Sveitarfélögin leika hér stórt hlutverk því samkvæmt lögum skulu þau tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi. Þjónustumiðstöðvar aldraðra, sem ýmist geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu, skulu tryggja öldruðum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þátttaka í félagsstarfi getur komið í veg fyrir einmanaleika og dregið úr fylgifiskum hans, svo sem áfengis- og vímuefnaneyslu.

Árið 2012 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um reglubundnar árlegar heimsóknir til aldraðra í forvarnaskyni.¹ Með samþykkt þingsályktunartillögunnar var velferðarráðherra falið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að gefa þeim sem eru 75 ára og eldri kost á heimsóknum af þessu tagi. Markmiðið með heimsóknunum er að tryggja að aldraðir geti búið sem lengst heima með því að veita þeim þjónustu strax og þurfa þykir. Þessi þjónusta getur falið í sér þjálfun sem lið í hjálp til sjálfshjálpar.

Góð heilsa er forsenda fyrir virkni aldraðra á vinnumarkaði og í annarri þjóðfélagsþátttöku. Mikilvægt er að vinna gegn aldursmismunun í atvinnulífinu og auka möguleika á sí- og endurmenntun á efri árum í samræmi við þá hugsun að menntun sé ævilangt verkefni. Stutt verði við

¹ <http://www.althingi.is/altext/140/s/0021.html>

verkefni sem lúta að því að auka virkni og þátttöku aldraðra í eflingu eigin heilbrigðis og hvernig hvetja megi fólk til að undirbúa í tíma félagslega virkni eftirlaunaáranna.

3. Réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfræðis

Rannsóknir sýna að flestir aldraðir vilja búa á eigin heimili eins lengi og mögulegt er. Mikilvægt er að réttur til sjálfstæðrar búsetu sé virtur, þrátt fyrir þverrandi heilsu einstaklingsins, og aldraðir geti valið um mismunandi búsetuform þar sem eignar- og rekstrarform geta verið með ýmsum hætti. Hvort sem íbúinn býr á eigin heimili, í leiguhúsnæði, á sambýli eða hjúkrunarheimili þá er það heimili viðkomandi og hann heldur efnahagslegu sjálfstæði.

Sérstök áhersla verði lögð á að aldraðir fái viðeigandi stuðning og einstaklingsmiðaða þjónustu til að geta búið sem lengst á eigin heimili við öryggi. Einstaklingsbundið faglegt mat á heilsufari, hjúkrunarþörf og þörf fyrir aðra fjölbreytta þjónustu skal liggja til grundvallar þjónustunni. Áhersla verði á endurhæfingu einstaklinga í heimahúsum og forvarnir sem tryggja áframhaldandi virkni aldraðra.

Þarfir aldraðra eru flóknari en annarra aldurshópa og langvinnir sjúkdómar kalla á samfellda, langtíma þjónustu. Samþætting þjónustu, þar sem mismunandi fagstéttir koma við sögu sem og ólaunaðir umönnunaraðilar, er því mikilvæg. Hér eru sveitarfélögin í lykilhlutverki. Unnar verði tillögur að því hvernig megi efla teymishugsun, samfellu og samþættingu í þjónustu við aldraða í heimahúsum. Einnig þarf að leggja áherslu á að næg dagdvalar-, hvíldar- og skammtímarými séu fyrir hendi þar sem slík úrræði gera einstaklingum kleift að búa lengur á eigin heimili.

Þegar heilsufari aldræðs einstaklings er þannig hátt að búseta í heimahúsi er ekki lengur möguleg og viðkomandi þarf að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili skal hafa í huga að einstaklingurinn sjálfur og aðstandendur séu hafðir með í ráðum og vel upplýstir um allt ferlið. Huga þarf vel að líðan viðkomandi, sérstaklega í þeim tilvikum þegar flutningurinn felur í sér breytingu á samvistum við maka eða annan sambúðaraðila.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skipað starfshóp um breytt greiðslufyrirkomulag á dvalar- og hjúkrunarheimilum og hefur starfshópurinn þegar tekið til starfa. Honum er falið að útfæra og koma á fót tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag á greiðsluþátttöku íbúa í samvinnu við eitt eða fleiri öldrunarheimili.

Meginmarkmiðið er að auka sjálfræði íbúanna með afnámi svokallaðs vasapeningakerfis. Þess í stað verði teknar upp sértækar greiðslur íbúanna fyrir húsaleigu og kostnað sem fylgir heimilishaldi. Kostnaður við heilbrigðisþjónustu og umönnun verði greiddur í samræmi við lög og reglur um kostnaðarskiptingu milli opinberra aðila og íbúa.

4. Mikilvægi nýsköpunar og tækni í þjónustu við aldraða

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur markað stefnu í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu.² Nýting ýmiss konar tæknilausna og nýsköpunar við framkvæmd þjónustunnar, meðal annars til að viðhalda og auka færni aldraðra, getur aukið líkur á því að þeir geti búið lengur heima og þurfi síður að dvelja á hjúkrunarheimilum.

² https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Stefna_i_nyskopun_og_tækni_28092015.pdf

Áskoranir framtíðarinnar í þjónustu við aldraða munu ekki bara felast í því að bregðast við og veita meiri þjónustu til þess að koma til móts við óskir og væntingar. Áskoranirnar munu felast í því að kveikja hugmyndir sem stuðla að nýsköpun innan þjónustunnar. Þetta kallar á að þjónustan verði einstaklingsbundin og að margra kosta verði völ þannig að hægt verði að laga þjónustuna að þörfum hvers og eins. Snjalllausnir munu bæta nýju lagi af getu (flækju) inn í þjónustuna sem hjálpar til við að takast á við hinar nýju áskoranir.

Í þjónustu við aldraða mun krafan um aukinn árangur verða ákveðnari. Það kallar á að allir sem koma að þjónustunni vinni út frá heildarhugsun. Þetta kallar á aukinn sveigjanleika í skipulagi stofnana eða starfseininga, að viðhorf starfsfólks verði opið og jákvætt og að stöðugt sé leitað nýrra leiða til að styrkja samvinnu milli einstaklinga, hópa og stofnana.

Nýsköpun í þjónustu við aldraða mun einnig gera ríkari kröfur til starfsfólks á öllum þjónustustigum um tæknilegri færni, þekkingu og reynslu til að takast á við einstaklingsbundnar þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. Á sama tíma má ekki gleymast að gæði þjónustunnar fara eftir samskiptum þeirra sem eru að veita þjónustuna annars vegar og þiggja hana hins vegar. Starfsfólk þarf að hafa í huga sjálfræði aldraðra einstaklinga og rétt þeirra til að koma að skipulagningu þjónustunnar.

5. Gæðaviðmið fyrir þjónustu við aldraða

Mikilvægt er að setja gæðaviðmið, sem lýsa mælanlegum markmiðum, á öllum sviðum þjónustu við aldraða. Gæðaviðmið fyrir íslensk hjúkrunarheimili voru sett 2010 og byggjast þau á gæðavísunum sem voru þróaðir út frá breytum sem er safnað með RAI- mælitækinu fyrir hjúkrunarheimili.³ Þessir gæðavísar hafa nýst til að fylgjast með gæðum þjónustu á hjúkrunarheimilum og sem tæki í innra eftirliti stofnananna.

Nefnd skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skilað tillögum um að sett verði á laggirnar sérstök stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, utan ráðuneytis eða sjálfstæð stofnun í ráðuneytinu, sem myndi meðal annars sinna skilgreiningu gæðaviðmiða á grundvelli gagnreyndrar þekkingar og upplýsinga á sviði félagsþjónustu og barnaverndar sem og eftirliti með þjónustu. Þjónusta við aldraða er einn af þeim málaflokkum sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fyrir nokkrum árum var þróuð styttri útgáfa af RAI-HC-mælitækinu fyrir heimaþjónustu, svokallað RAI-upphafsmat. Tekin hefur verið ákvörðun um notkun þessarar styttri útgáfu við mat á þörf fyrir heimahjúkrun á öllu landinu og mikilvægt að innleiða á sama tíma þetta matstæki í félagslegri heimaþjónustu. RAI-upphafsmat er mælitæki sem lýsir raunverulegum aðstæðum íbúa á eigin heimili. Matið inniheldur 80 atriði úr lengra matinu, þar á meðal svokallað MAPLe-reiknirit (Method to Assess Priority Levels) sem eru 36 atriði, sem nýtast til að meta þörf einstaklingsins fyrir þjónustu. Notkun mælitækisins getur tryggt réttláta forgangsröðun, með því kemst á jafnræði í aðgengi að þjónustu milli íbúa í ólíkum landshlutum og tryggt verður að umfang þjónustu sé í samræmi við þörf. Umfang þjónustu verði skilgreint miðað við fimm flokka og eru einstaklingar metnir frá því að vera í lítilli þörf upp í mjög mikla þörf fyrir þjónustu.

Mikilvægt er að huga að því við setningu gæðaviðmiða, sem verða til dæmis birt í lögum, reglum og kröfulýsingum, að það fjármagn sem úthlutað er sé í samræmi við þær gæðakröfur sem settar eru fram.

³ <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisthjonusta/gaedavisar/rai-gaedavisar/>

6. Eftirlit með gæðum þjónustu við aldraða

Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi. Markmiðið er að þjónustan sé veitt í samræmi við skilgreinda meginþætti gæða í heilbrigðisþjónustu, þ.e. að þjónustan sé örugg, rétt tímasett, skilvirk, samfelld, byggð á jafnræði, notendamiðuð og árangursrík.

Mikilvægt er að setja skýr lagaákvæði um eftirlit opinberra aðila með félagslegri þjónustu sem aldraðir einstaklingar nýta sér. Samræmt mat, RAI-mælitækið fyrir heimaþjónustu, RAI-HC, verði notað til að meta umfang og gæði heimaþjónustunnar. Einnig er mikilvægt að innleiða mælitæki sem mæla lífsgæði fólks, til dæmis mælitækið Self-Reported Quality of Life (QOL), sem er hluti af RAI-mælitækjafjölskyldunni, og hefur verið þróað af alþjóðlegum hópi fag- og vísindamanna. Það kannar lífsgæði fólks sem fær skipulagða þjónustu/umönnun og hvernig hún mætir væntingum þeirra með tilliti til samskipta, umhverfis, vellíðunar, næringar og þátttöku í atburðum sem hafa þýðingu fyrir viðkomandi.

7. Stöðugleiki og aukin hæfni starfsfólks í öldrunarþjónustu

Mikilvægt er að tryggja að starfsumhverfi í öldrunarþjónustu sé þess eðlis að fólk sækist eftir störfum þar. Vísbendingar eru um brotthvarf úr mikilvægum starfsstéttum í heilbrigðis- og félagsþjónustu, ýmist til starfa erlendis eða til annarra starfa innanlands. Huga þarf að menntun hinna mismunandi starfsstétta, ekki síst ófaglærðs starfsfólks, sem og að tryggja íslenskukennslu fyrir það starfsfólk sem er af erlendu bergi brotið. Fjölgað verði námstækifærum fyrir ófaglært starfsfólk í öldrunarþjónustu og leitað samvinnu við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

8. Heilabilun

Samstarfsnefndin telur mikilvægt að sett verði stefna í málefnum fólks með heilabilun á Íslandi. Einnig verði komið á miðlægri skráningu á fjölda einstaklinga með heilabilun og stuðningur og samráð við aðstandendur sem sinna umönnun við fólk með heilabilun verði aukinn.

Velferðarráðuneytið tekur þátt í starfi norræns tengslanets um heilabilun. Markmiðið með verkefninu, sem hófst 2015, er að bæta þjónustu við einstaklinga sem glíma við þennan sjúkdóm.

9. Upplýsingavefur um öldrun og aldraða

Samstarfsnefndin leggur til að komið verði upp upplýsingavef fyrir almenning varðandi öldrun og aldraða. Þar skuli vera að finna margvíslegar upplýsingar um málaflokkinn, fyrirkomulag hans og hlutverk og þjónustu einstakra aðila á þessu sviði. Samstarfsnefndin mælir með því að ráðuneytið feli Landssambandi eldri borgara umsjón með upplýsingavefnum sem, í stað þess að byggja upp nýjan vef, semji við Þjóðskrá Íslands um að vefurinn verði hluti af vefnum www.island.is þar sem nú þegar er mikið af gagnlegu efni um málaflokkinn. Hugmyndin hefur verið kynnt Þjóðskrá Íslands sem tekur henni vel og Landssamband eldri borgara er fylgjandi hugmyndinni. Þá skilaði samstarfsnefndin ályktun til ráðherra um framangreint 29. apríl 2016.

10. Réttindagæsla aldraðra

Samstarfsnefndin telur að mikil réttarbót geti verið falin í að koma á fót málsvara fyrir aldraða í forni réttindagæslu eða umboðsmanns aldraðra. Þá verði einnig sett í lög ákvæði um persónulega talsmenn aldraðra og ákvæði um ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við aldraða. Sérfræðiteymi og undanþágunefnd, sem starfa á grundvelli réttindagæslulaga, verði fengið hlutverk hvað varðar ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við aldraða. Mikið hagræði kann að vera fólgið í því að útvíkka hlutverk þessara aðila, fremur en að setja sambærilegar nefndir á fót, enda samlegðaráhrif mikil.

11. Óljóst ábyrgðarsvið þjónustuaðila - „grá svæði“ í þjónustu við aldraða og notendasamráð

Mikilvægt er að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við aldraða sé skýr. Samfella þarf að vera í þjónustu við aldraða en þjónusta við þá er bæði á höndum ríkis og sveitarfélaga. Unnið skal að því að fækka eins og kostur er svokölluðum „gráum svæðum“ þ.e.a.s. þar sem um óljós ábyrgðarskil er að ræða milli opinberra þjónustuaðila. Má þar nefna ferðaþjónustu fyrir fatlaða á hjúkrunarheimilum, dagvist fyrir yngri en 67 ára, skil heimaþjónustu og heimahjúkrunar o.fl. Unnið skal að því að efla samþættingu og samvinnu milli þessara aðila. Skýrt þarf að vera hvert þjónustustig hvers aðila fyrir sig er. Daggjöld til hjúkrunarheimila þurfa að standa undir rekstri heimilanna þannig að sveitarfélög þurfi ekki í neinum tilvikum að reiða fram viðbótarfjármagn. Jafnframt þarf heimaþjónusta sveitarfélaga að vera það öflug að aldraðir eigi kost á að dvelja heima sem lengst. Liggja þarf fyrir hver grunnþjónusta sveitarfélaga er og samræmi þarf að vera milli sveitarfélaga.

Á vef velferðarráðuneytisins hafa verið kynnt drög að endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga⁴ en ýmis ákvæði laganna eru komin til ára sinna og þurfa endurskoðunar við í takt við samfélagsþróun og breytt viðhorf. Í drögum að frumvarpinu eru meðal annars lögð til nýmæli um notendaráð fyrir þá hópa sem nýta sér þjónustu sveitarfélaga auk þess sem ákvæði varðandi málsmeðferð, eftirlit, kæruehimildir og starfsleyfi hafa verið endurskoðuð. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að tryggja skuli að samráð sé haft við notendur þjónustu með það að markmiði að þeir séu virkir þátttakendur í undirbúningi ákvörðunar um hana og hvernig þjónustunni verði háttáð. Þá skuli hafa samráð við notendur um almenna stefnumörkun innan sveitarfélagsins og að sveitarfélög skuli funda að minnsta kosti árlega með hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustunnar og eftir atvikum starfrækja sérstök notendaráð ýmissa hópa, til dæmis öldungaráð, í því skyni að tryggja aðkomu hagsmunasamtaka notenda að stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélags í málefnum er varða félagsmenn þeirra.

Á undanförunum misserum hafa öldungaráð verið stofnuð og eru nú starfrækt í ýmsum sveitarfélögum um allt land. Í drögunum er lagt til að við lögin verði bætt nýrri grein svohljóðandi:

Í hverju sveitarfélagi, eða í fleiri en einu sveitarfélagi sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um

⁴ <https://www.velferðarraduneyti.is/media/frettir2016/Frv.-um-br.-a-felagsthjonustulogum---til-umsagnar-a-vef-VEL.pdf>

öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.

Samstarfsnefndin telur að starf öldungaráða sé mikilvægt til þess að skapa formlegan samráðsvettvang aldraðra og sveitarfélaga, en þau veita öldruðum margháttaða þjónustu á ýmsum sviðum, og leggur mikla áherslu á að sköpuð sé lagastoð fyrir starfsemi öldungaráða áður en sveitarstjórnarkosningar 2018 fara fram.

Reykjavík, 5. september 2016.

Elín Jóhannsdóttir, formaður

Guðmundur Einarsson, varaformaður

Anna Birna Jensdóttir

Haukur Ingibergsson

Rannveig Einarsdóttir